



Fundargerð

Tilv. 1410019/1.7

Fundur: Grisjunarráð 2/2014.
Dagsetning og tími: 22. október 2014, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – grunnskólaumsóknir.
2. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – afrit vottorða vinnuveitenda.
3. Grisjunarbeiðni Mannvirkjastofnunar dags. 9. maí 2014 – fylgiskjöl umsókna og erinda – afrit.
4. Grisjunarbeiðni Íþróttá- og ólympíusambands Íslands dags. 2. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds.
5. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl umsókna.
6. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds.
7. Grisjunarbeiðni Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna dags. 12. ágúst 2014 – fylgiskjöl bókhalds.
8. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 18. ágúst 2014 – fylgiskjöl bókhalds.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – grunnskólaumsóknir (málsnr. 1405006).

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi og óskað eftir nánari upplýsingum. Upplýsingar fengust frá Akureyrarbæ um að skjölin sem óskað er grisjun á séu varðveitt í grunnskólum bæjarins. Um ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu segir í 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn: „Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Hið sama gildir um formann stjórnarsýslunefndar og framkvæmdastjóra sveitarfélags, svo og forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um skv. 14. gr.“ Í greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum um opinber skjalasöfn segir um þetta ákvæði: „Að því er lýtur að skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga er tekið fram að framkvæmdastjóri sveitarfélags beri ábyrgð á skjalastjórn og



skjalavörslu í stjórnslu sveitarfélagsins, og hið sama gildir um forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sjóða og annarra aðila sem löggin gilda um.“ Samkvæmt lögum er það framkvæmdastjóri sveitarfélagsins sem er ábyrgðarmaður skjalastjórnar og skjalavörslu og því eðlilegt að hann undirriti grisjunarbeiðnir. Á grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar ritar héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nafn sitt til staðfestingar að hann hafi yfirfarið grisjunarbeiðnina, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarkaupstað er heimilt að eyða grunnskólaumsóknum þegar þær eru orðnar sjö ára með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll skjöl fyrir ár sem enda á tölustafnum 0.

2. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar dags. 22. apríl 2014 – afrit vottorða vinnuveitenda (málsnr. 1405007).

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi og óskað eftir nánari upplýsingum. Á grisjunarbeiðni Akureyrarbæjar ritar héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafnsins á Akureyri nafn sitt til staðfestingar að hann hafi yfirfarið grisjunarbeiðnina, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn.

Rætt um hvað eðlilegt er að varðveita slík gögn í langan tíma áður en heimilt er að eyða þeim.

Beiðnin var samþykkt. Akureyrarkaupstað er heimilt að eyða afritum af vottorðum vinnuveitenda þegar þau eru orðin tveggja ára gömul.

3. Grisjunarbeiðni Mannvirkjastofnunar dags. 9. maí 2014 – fylgiskjöl umsókna og erinda - afrit (málsnr. 1405009).

Afgreiðslu málsins var frestað á síðasta fundi og óskað eftir nánari upplýsingum. Upplýsingar fengust frá Mannvirkjastofnun um að fylgiskjölin væru afrit skirteina sem sýna að einstaklingur hafi ákveðna hæfni. Mannvirkjastofnun telur jafnframt að pappír safritið hafi ekki meira gildi en rafræna eintakið sem vistað er í rafrænu skjalavörslu stofnunarinnar sem fengið hefur samþykkt Þjóðskjalasafns Íslands.

Beiðnin var samþykkt. Mannvirkjastofnun er heimilt að eyða fylgiskjölum umsókna og erinda sem eru á pappír með því skilyrði að varðveita skjölin þar til vörsluútgáfa úr rafrænu skjalavörslukerfi stofnunarinnar hefur verið afhent og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

4. Grisjunarbeiðni Íþróttá- og ólympíusambands Íslands dags. 2. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1406005).

Beiðnin var samþykkt. Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.



5. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl umsókna (málsnr. 1406031).

Beiðnin var samþykkt. Rannsóknarmiðstöð Íslands er heimilt að eyða fylgiskjölum umsókna sem er útgefið efni þegar stjórnýslulegu hlutverki þeirra er lokið.

6. Grisjunarbeiðni Rannsóknarmiðstöðvar Íslands dags. 5. júní 2014 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1406030).

Beiðnin var samþykkt. Rannsóknarmiðstöð Íslands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

7. Grisjunarbeiðni Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna dags. 12. ágúst 2014 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1408008).

Beiðnin var samþykkt. Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

8. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 18. ágúst 2014 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1408012).

Beiðnin var samþykkt. Vinnumálastofnun er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

Fundi slitið kl. 13:30.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)